



Borgarráð

Hagkvæmt húsnæði - Veðurstofuhæð, framlenging á tímafresti lóðarvilyrðis

Óskað er eftir að borgarráð heimili framlengingu lóðarvilyrðis til Dumli ehf. á Veðurstofuhæð. Lagt er til að vilyrðið verði framlengt um tvö ár eða til 18. júlí árið 2023.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var samþykkt lóðarvilyrði til Dumli ehf., (Variat hópurinn) til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur við Veðurstofuhæð. Í grein 2.1 í vilyrðinu kemur fram að það falli niður verði deiliskipulag ekki samþykkt innan tveggja ára frá samþykkt vilyrðisins.

Deiliskipulagsvinna hefur tafist auk þess sem ekki er enn búið að ljúka framkvæmdum við flutning mæla á vegum Veðurstofu Íslands. Þegar nýir mælar hafa verið teknir í notkun er gert ráð fyrir samkeyrslu í tvö ár áður en framkvæmdir geta hafist í nánasta umhverfi núverandi mælastæðis.

Í ljósi þessa aðstæðna er nauðsynlegt að framlengja lóðarvilyrðið til 1. júlí 2023 í stað 18. júlí 2021.

Ívar Örn Ívarsson
teymisstjóri lögfræðiteymis
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara